# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 22. JANÚAR 2018




Sólin gengur til viðar í vetrarríkinu og kveikir í skýjabakkanum á leið sinni niður í átt að sjóndeildarhringnum. Kynngimögnuð íslensk náttúrufegurð yfir Grímsstöðum við Mývatn sem ljósmyndari Fréttablaðsins á Norðurlandi fangaði með aðstoð dróna seinnipartinn í gær. Ef kyrrðin gæti talað þá myndi hún án nokkurs vafa kalla þetta listaverk. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Óvenju mikill fjöldi kynferðisbrota gegn börnum hjá lögreglu

**Nokkur stígandi er í fjölda mála sem eru til rannsóknar hjá lögreglu og varða kynferðisbrot gegn börnum. 29 brot eru nú til rannsóknar. Tveir starfsmenn lögreglu eru í sérstakri þjálfun til að takast á við stafræn ofbeldisbrot gegn börnum.**

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu og níu kynferðisbrot gegn börnum eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Nokkur stígandi hefur verið í fjölda mála sem eru til rannsóknar hjá embættinu í viku hverri frá miðju ári 2017 og fyrstu vikur ársins 2018. Á þessum tíma hefur málum fjölgað frá 11 á viku og upp í 29.

„Málin eru óvenju mörg á borði lögreglu um þessar mundir,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Grímur segist þó vilja fara varlega í að túlka tölfræðina of mikið, en segist aðspurður ekki útiloka að umræðan sem skapast hefur í kringum #metoo-byltinguna hafi eitthvað með aukninguna að gera. „Öll aukin umræða í samfélaginu eykur vitund fólks og það má vel vera að það tengist þessari fjölgun á þann hátt.“

> Þjálfunin snýr meðal annars að því að greina alls konar hluti í umhverfi myndbanda eða mynda sem sýna barnaníðefni.



Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar

Þá segir Grímur að verið sé að taka kynferðisbrot gegn börnum föstum tökum innan embættisins, meðal annars í samstarfi við erlend lögregluyfirvöld á borð við Europol. Þannig hafi tveir starfsmenn embættisins í kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu undanfarið verið í sérstakri þjálfun til að takast á við stafræn ofbeldisbrot gegn börnum.

„Við höfum verið að reyna að taka á slíkum málum hratt og örugglega. Þjálfunin sem þessir tveir starfsmenn embættisins hafa verið í snýr meðal annars að því að greina alls konar hluti í umhverfi myndbanda eða mynda sem sýna barnaníðefni svo hægt sé að átta sig á því hvar brotið fer fram.

Við, og lögregluyfirvöld víða um heim sem við erum í samstarfi við, erum að sjálfsögðu að gera allt sem í okkar valdi stendur til að stemma stigu við brotum gegn börnum.“

Grímur segir þó ekki mörg mál hafa komið inn á borð lögreglunnar hér á landi, þar sem íslensk börn eru viðfang stafræns ofbeldis. – ósk

## Hugarafl missir húsnæðið

**HEILBRIGÐISMÁL** „Auk þess að verða húsnæðislaus missum við fagfólkið í teyminu sem er mjög alvarlegt fyrir fólkið sem leitar til okkar,“ segir Málfríður Hrund Einarsdóttir, formaður Hugarafls.

Samtökin munu missa húsnæði sitt í sumar vegna ákvörðunar um að leggja niður teymi Geðheilsu – eftirfylgdar. Hugarafl hefur haft aðsetur í húsnæði teymisins.

Málfríður segir að stjórn Hugarafls muni funda í dag um framtíðina og hvað sé til ráða. Magnea Rivera Reinaldsdóttir, sem er ein fjölmargra sem eiga góðu starfi samtakanna mikið að launa, segir stöðuna sorglega. – smj / sjá síðu 2

## Birnir átti bestu innkomuna

**LÍFIÐ** Rapparinn Birnir er nýliði ársins, Aron Can átti besta lag ársins og Joey Cypher hafnaði í öðru sæti á árslista Róberts Arons Magnússonar og Benedikts Freys Jónssonar, Robba Kronik og Benna B-Ruff, stjórnenda útvarpsþáttarins Kronik.

B-Ruff og Robbi Kronik setja á hverju ári saman lista yfir það besta sem fór fram í hipphopp-tónlist á árinu sem leið. – sþh / sjá síðu 22



Birnir

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um að á þessari öld hafi „einungis“ um 120 evrópskar eða norðuramerískar borgir opnað ný léttlestar-, sporvagna- eða hraðvagnakerfi. 9

**SPORT** Tiana Ósk Whitworth sló Íslandsmet í 60 metra hlaupi. 10

**LÍFIÐ** Nokkrir klassískustu strigaskór allra tíma teknir saman. 20

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Austan 15-25 m/s á sunnanverðu landinu í dag, hvassast við suðurströndina. Slydda eða rigning, einkum suðaustanlands, en snjókoma á heiðum. SJÁ SÍÐU 18

# Fín frjósemi á Klaustri

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR** Frjósemi virðist vera með allra besta móti á Kirkjubæjarklaustri og í sveitunum í kring því börnum fjölgar svo mikið að stækka þarf leikskólann Kærabæ á Klaustri. Ákveðið hefur verið að kaupa færanlega kennslustofu fyrir tæplega 11 milljónir króna.

„Viðbótin við leikskólann kemur til vegna mikillar fjölgunar leikskólabarna og til að útrýma biðlista sem hefur myndast. Fjöldi barna á leikskóla hefur á einu ári farið úr 13 í 26 og eru börn á bið eftir plássi. Eftir stækkun verður húspláss fyrir yfir 30 börn,“ segir Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

Leikskólinn er í dag einnar deildar leikskóli en með nýju 80 fermetra viðbyggingunni verður honum skipt upp í tvær deildir. Stöðugildi við leikskólann hafa farið úr fjórum í sjö á síðasta ári og verða samtals átta þegar viðbyggingin verður komin í gagnið og börn sem eru á biðlista í dag komin inn.

Sandra Brá segir mikla uppbyggingu í Skaftárhreppi. „Það eru mörg verkefni í pípunum hér í Skaftárhreppi. Byggðar hafa verið níu íbúðir á síðustu tveimur árum og eru þrjár í byggingu nú á Kirkjubæjarklaustri. Mikill uppgangur er í ferðaþjónustu á svæðinu sem hefur bæði skilað sér í auknum tekjum og fjölgun íbúa. Framkvæmdir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs hefjast á árinu sem við bindum vonir við að verði mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu á Suðurlandi. Hér eru einnig ungir bændur að hefja byggingu á nýju fjósi, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Sandra. – **mhh**



**Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps**

# Kát í kosningabaráttu



**„Við settum upp úthringiver hérna í stofunni heima,“ segir Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi, sem sækist eftir fyrsta sæti á lista Sjálfstæðismanna í borginni. Á myndinni má meðal annars sjá, ásamt Áslaugu, Söndru Ocares lögfræðing, Sirrý Hallgrímsdóttur, fyrrverandi aðstoðarmann ráðherra, og skartgripahönnuðina Helgu Gvuðrúnu Friðriksdóttur og Orra Finnbogason freista þess að fá flokksmenn til að kjósa sína konu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Erdogan réðst inn í Sýrland

**SÝRLAND** Boðað hefur verið til neyðarfundar í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í dag eftir að tyrkneskar hersveitir réðust inn í norðurhluta Sýrlands í gær að undangegnum loftárásum á laugardag. Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti segir hernaðaraðgerðirnar miða að því að losna við verndarsveitir Kúrda (YPG) sem halda til á 30 kílómetra landsvæði við landamæri Sýrlands og Tyrklands. Erdogan segir YPG hryðjuverkasamtök og hefur heitið því að brjóta sveitirnar á bak aftur skjótt og örugglega.

Bandaríkin líta hins vegar á YPG sem bandamann í baráttunni við ISIS og þá hafa Frakkar og fleiri bandalagsþjóðir NATO lýst áhyggjum sínum af hernaðaraðgerðunum.

Mótmælendur hernaðarins í Tyrklandi hafa fengið þau skilaboð frá forsetanum að öll mótmæli verði tekin föstum tökum. – **smj**

# Enn vegið að Hugarafli sem missir húsnæðið

**Það hefur alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi Hugarafls að leggja niður teymi Geðheilsu – eftirfylgdar. Samtökin munu missa húsnæði sitt í sumar. Stjórn Hugarafls fundar í dag um næstu skref í baráttunni fyrir tilvist samtakanna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það þýðir að við verðum húsnæðislaus,“ segir Málfríður Hrund Einarsdóttir, formaður Hugarafls. Samtökin standa nú á krossgötum í kjölfar ákvörðunar Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir áramót um að leggja niður núverandi teymi Geðheilsu – eftirfylgdar. Hugarafl á í virku samstarfi við teymið og hefur haft aðsetur í húsnæði þess. Skipulagsbreytingarnar hafa því miklar afleiðingar fyrir Hugarafl sem barist hefur í bökkum með fjármögnun undanfarin misseri. Stjórn Hugarafls fundar í dag um stöðuna og hvað sé til ráða.

„Auk þess að verða húsnæðislaus missum við fagfólkið í teyminu sem er mjög alvarlegt fyrir fólkið sem leitar til okkar. Við verðum að hafa húsnæði til að geta rekið starfsemina og staðið við okkar samninga.“

Meðal þeirra er þjónustusamningur Hugarafls við Vinnumálastofnun um starfsendurhæfingu ungs fólks með geðraskanir sem gerður var síðastliðið haust. Sá samningur tryggði áframhaldandi rekstur Hugarafls sem stóð frammi fyrir fjársvelti síðastliðið vor.

„Staðan nú er enn alvarlegri en í vor. Við þurfum að berjast áfram fyrir tilveru okkar, en gefumst ekki upp.“

Bæði forsvarsmenn Hugarafls og Geðheilsu – eftirfylgdar hafa gagnrýnt breytingarnar sem Málfríður segir að fari í raun gegn geðheilsustefnunni sem samþykkt var á Alþingi árið 2016.

Hugarafl verður að óbreyttu húsnæðislaust um mitt þetta ár. Málfríður kveðst vera búin að senda nýjum félagsmálaráðherra þrjá pósta um stöðuna en kveðst enn eiga eftir að fá svar. Fundur hennar með Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra nýverið hafi þó verið ágætur og hún fundið fyrir miklum velvilja frá ráðherra í garð Hugarafls.




**Frá mótmælum Hugaraflsfólks við niðurskurði í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Magnea Rivera Reinaldsdóttir**



**Málfríður Hrund Einarsdóttir, formaður Hugarafls**

Skráðar komur til Hugarafls voru 12.000 á síðasta ári og eiga margir samtökunum og því góða starfi sem þar er unnið mikið að launa.

Ein þeirra er Magnea Rivera Reinaldsdóttir, sem bæði hefur sótt þar þjónustu og sinnt sjálfboðaliðastarfi fyrir samtökin.

„Ég veit ekki hvað ég hefði gert hefði ég ekki haft Hugarafl þegar ég var útskrifuð af geðdeild, ekki nærri því orðin góð, haustið 2014. Ég fer enn tvisvar, þrisvar í viku. Þetta er eins og annað heimili manns. Ég er mest að hugsa um hvert fólkið eigi að fara sem leitar til teymisins, sem er sálfræðingur, iðjuþjálfari og félagsráðgjafi. Þetta er allt saman frítt og tilvísunarlaust. Þetta er hræðilega sorglegt og ég fullyrði að þetta teymi vinnur alveg einstaklega gott starf.“

**mikael@frettabladid.is**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA




**Mest ~~seldi~~ keypti bíll í heimi!**

Meira en 50 ára sigurganga Corolla heldur áfram. Snilldarleg hönnun með flæðandi línum að utan. Fáguð gæðasmíð með aukið rými að innan. Njóttu þess að horfa fram á veginn yfir endurhannað mælaborð með margmiðlun og tækni fyrir afþreyingu og örugga ferð í þægilegum akstri. Finndu hvað gerir Corolla að mest keypta bíl í heimi.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Segir norsk fiskeldisfyrirtæki spara milljarða á að flytja til Íslands

**NÁTTÚRUVERND** Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi og átta veiðifélög og veiðiréttarhafar krefjast þess að ógilt verði starfsleyfi Umhverfisstofnunar frá 22. nóvember síðastliðnum fyrir Arctic Sea Farm hf. á 4.000 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi og laxi í opnum sjókvíum í Dýrafirði.

Óttar Yngvason, lögmaður kærenda, ýmissa hagsmunaaðila sem leggjast gegn sjókvíaeldi á svæðinu, segir málsmeðferð við leyfisveitinguna hafa verið með ólíkindum. „Það er ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá að afhenda einstaklingsbundnum aðilum eignarrétt að fasteignum ríkisins, en hafið utan netlaga er í eigu ríkisins. Í umsóknum um leyfi til að setja upp sjókvíaeldi er lagaákvæði um að umsækjandi láti fylgja skilríki fyrir afnotum hafsins. Þessi skilríki hafa aldrei verið lögð fram enda ekki hægt samkvæmt stjórnarskránni, nema sett séu lög í hverju tilfelli sem heimila það,“ segir Óttar og segi eftirlitsaðila engu svara. „Matvælastofnun svarar því til, þar sem þetta er utan netlaga, að þá þurfi ekki að afhenda þessi skilríki til afnota hafsins. En þetta er skýrt lagaákvæði og alveg út í hött að þessu sé ekki fylgt eftir.“

> **Þetta er lagleg jólagjöf til norskra eldisfyrirtækja á kostnað íslenskrar náttúru.**
>
> Óttar Yngvason, lögmaður ýmissa hagsmunaaðila sem leggjast gegn sjókvíaeldi í Dýrafirði

Óttar bendir á að það sé ekki skrýtið að norsk fiskeldisfyrirtæki hafi í auknum mæli fært sig til Íslands síðustu ár. „Fiskeldisfyrirtækin hér á landi eru flest öll í meirihlutaeigu Norðmanna. Það er ekki skrýtið þar sem grunngjald norskra eldisfyrirtækja er 120.000 norskar krónur fyrir hvert tonn í fiskeldinu eða sem nemur 1,5 milljónum íslenskra króna,“ segir Óttar og bætir við að gjöldin séu mun lægri á Íslandi. „Hér á landi þurfa fyrirtækin nánast ekkert að borga, aðeins smávægilegt eftirlitsgjald. Þetta er þannig lagleg jólagjöf til norskra eldisfyrirtækja á kostnað íslenskrar náttúru. Það er ekki skrýtið að þrýstingur á stjórnvöld, stofnanir og stjórnmálamenn sé harðvítugur.“ **aroningi@frettabladid.is**

## Norðmenn skipa ráðherra aldraða

**NOREGUR** Landssamband aldraðra í Noregi fagnar því að skipaður hafi verið ráðherra sem fara á sérstaklega með málefni aldraðra. Þegar Erna Solberg forsætisráðherra kynnti ráðherralista sinn kynnti hún jafnframt sérstakan ráðherra aldraðra, Åse Michaelsen, sem einnig á að hafa lýðheilsu á sinni könnu.

Framfaraflokkurinn hefur lengi lýst eftir ráðherra aldraða. Það hefur Landssamband aldraðra einnig gert.

Ný ríkisstjórn Noregs samanstendur af Hægri flokknum, Framfaraflokknum og frjálslyndum vinstri. **– ibs**



**Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs**

# Rúmlega 80 prósent lóða frá borginni fyrir leiguíbúðir

**Hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði fagnar auknu framboði af lóðum. Byggingaverktaki segja að leggja verði meiri áherslu á lóðir fyrir íbúðir til sölu á almenna markaðnum, ekkert sé að hafa af lóðum hjá borginni. Allt sé sett í félagslega kerfið. Yfir 5.000 íbúðir vantar á landsvísu til að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði.**

**VIÐSKIPTI** Á síðasta ári úthlutaði Reykjavíkurborg lóðum fyrir 1.711 íbúðir. Þar af var 1.422 lóðum úthlutað til félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni en þar eru íbúðir fyrir stúdenta, eldri borgara og lágtekjufólk í meirihluta. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Því eru nær 83 prósent lóðaúthlutana séu til slíkra félaga. Í tilkynningunni kemur fram að meirihluti lóðanna sé ekki á hefðbundnum þéttingarreitum í miðborginni. Uppbyggingin muni hins vegar þétta byggð.

Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, segir ánægjulegt að sjá að lóðaúthlutanir Reykjavíkurborgar aukast. „Einkum er ánægjulegt að sjá að stærstu úthlutanirnar fara til félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og munu bjóða fram leiguíbúðir fyrir hópa sem eiga erfitt með að fóta sig á húsnæðismarkaði.“

Hún segir Íbúðalánasjóð ekki hafa lagt mat á hvað vanti margar íbúðir í borginni, en miðað við áætlun sem gefin var út síðasta vor vantaði hátt í 5.000 íbúðir á landsvísu til að jafnvægi næðist á markaði.

Þeir byggingaverktakar sem blaðið ræddi við eru ekki sáttir við stöðuna og segja að það sárvanti lóðir í Reykjavík á almennan markað. „Það er eiginlega ekkert að hafa af lóðum hjá borginni. Þetta fer eiginlega allt í félagslega kerfið. Hinn hlutinn situr eftir,“ segir Gunnar Þorláksson, annar eigenda Byggingafélags Gunnars og Gylfa.

„Til að þessi markaður verði í jafnvægi þarf íbúðir fyrir fólk sem er að fara af stað og vill eiga íbúðir. En þetta er ekki í boði,“ segir Gunnar.

Hann segir BYGG vera að klára Sjálandshverfið í Garðabæ og verið sé að byrja á nýju bryggjuhverfi í Kópavogi. Þá sé verið að byggja í Lundinum. **jonhakon@frettabladid.is**




**Félagsstofnun stúdenta er þegar byrjuð að byggja 244 íbúðir við Sæmundargötu í Vatnsmýri.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði**

### Stærstu úthlutanirnar árið 2017

Háskólinn í Reykjavík fékk lóðir fyrir 370 íbúðir við Nauthólsveg.

Félagsstofnun stúdenta fékk lóðir fyrir 244 íbúðir við Sæmundargötu í Vatnsmýri.

Félagið Vesturbugt fékk lóðir fyrir 176 íbúðir í Vesturbugt við gömlu höfnina.

Bjarg íbúðafélag fékk lóðir fyrir 156 íbúðir við Móaveg í Grafarvogi og um 80 íbúðir á tveimur lóðum í Úlfarsárdal.

Sjómannadagsráð fékk lóðir fyrir 144 íbúðir við Sléttuveg í Fossvogi

Búseti fékk lóðir fyrir 78 íbúðir á Keilugranda 1.

## Banaslys á Arnarnesvegi

**SLYS** Karlmaður á þrítugsaldri lést í bílslysi á Arnarnesvegi aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var einn í bifreiðinni þegar slysið varð en vegfarendur tilkynntu um það klukkan hálf þrjú um nótt.

Bifreiðinni mun hafa verið ekið eftir Arnarnesvegi á vegrið á brúnni yfir Reykjanesbraut.

Þetta er þriðja banaslysið sem verður í umferðinni á árinu. **–smj**

> **Maðurinn var einn í bifreiðinni þegar slysið varð. Tilkynnt var um slysið klukkan hálf þrjú um nótt.**


Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED lampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM


# Þrot blasir við kísilveri United Silicon

**IÐNAÐUR** Útlitið er svart fyrir kísilver United Silicon í Helguvík (US) en framlengd greiðslustöðvun sem félagið hefur verið í rennur út í dag. Umhverfisstofnun hefur tilkynnt forsvarsmönnum fyrirtækisins hver skilyrðin fyrir samþykkt úrbótaáætlunar þess eru, sem gæti reynst óyfirstíganleg hindrun fyrir verksmiðjuna. Ljúka þarf nær öllum úrbótum áður en verksmiðjan verður endurræst og bæta við skorsteini. Kostnaðurinn nemur um þremur milljörðum.

Framleiðsla hefur legið niðri í kísilveruna frá í september en síðan hefur það verið yfirtekið af Arion banka og lífeyrissjóðum og leiða leitað til að bjarga fjárfestingu þeirra.

Erlendir fjárfestar hafa sýnt rekstrinum áhuga en niðurstöðu Umhverfisstofnunar varðandi umbótaáætlun um hvernig fullklára megi verksmiðjuna og koma mengunarvörnum í lag hefur verið beðið. Skilyrðin sem Umhverfisstofnun hefur nú sett gætu reynst hindrun í áformum um endurræsingu verksmiðjunnar í upphafi úrbótaferlisins.



**Fátt virðist geta komið í veg fyrir þrot United Silicon.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

US sendi stofnuninni úrbótaáætlun í desember og í síðustu viku en í svarbréfi Umhverfisstofnunar segir að skilyrði sé um að neyðarskorsteini verði bætt á verksmiðjuna til að draga úr lyktarmengun. Stofnunin fellst ekki á þá ósk forsvarsmanna US að fresta þeirri aðgerð fram yfir endurræsingu. Uppsetning skorsteins er dýr og gæti frestað gangsetningu um eitt til tvö ár. Í ljósi þess er ekki útilokað að til tíðinda gæti dregið um framtíð kísilversins í dag.

Þá er fyrirtækinu gert að vinna að fleiri umbótum fyrir gangsetningu en stofnunin telur þó að þær úrbætur sem gerðar hafa verið séu til bóta. **– smj**



Nýr Tiguan
á enn betra verði.
IS JR F29
Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.
Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.
Tiguan Offroad
Fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, 150 hestöfl
• „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• Akreinavari
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Loftkæling
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Leðurklætt aðgerðastýri
• Þakbogar
• Bakkmyndavél
• Montana 17" álfelgur
Tilboðsverð
4.780.000 kr.
Listaverð 5.210.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Vetrarpakki
með 50% afslætti
• Vetrardekk 110.000 kr.
• Dráttarkrókur 165.000 kr.
• Gúmmímotta í farangursrými 25.000 kr.
Alls 300.000 kr. með 50% afslætti
150.000 kr.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Jóhann Ólafsson & Co

LED lausnir frá siteco

Lýsing fyrir götur, göngustíga og bílastæði.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar má fá hjá sölumönnum.



Smart City lausnir

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
sala@olafsson.is

OSRAM

Kvika gefur út sex mánaða víxla

22. janúar 2018

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 18 0621 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta, þann 19. janúar 2018, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.
Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku
*https://www.kvika.is/um-kviku/um-kviku#tab2*

KVIKA
kvika.is

Pipar\TBWA

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Konur gegn kynbundnu ofbeldi




Þúsundir baráttukvenna gengu fylktu liði um götur Lundúna í gær og tóku sér mótmælastöðu við Richmond Terrace í tilefni kröfugöngu Time's Up. Gengið var gegn kynferðisofbeldi á ársafmæli fyrstu Women's March-kvenréttindagöngu Lundúna. Time's up hópurinn er sprottinn upp úr #metoo-byltingunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skrautlegt embættisár Trumps á Twitter

**Áður en hann náði kjöri lýsti Donald Trump því yfir að hann myndi hætta að nota Twitter yrði hann Bandaríkjaforseti. Raunin varð önnur. Frá því að hann sór embættiseið hafa rúmlega 2.600 tíst fengið að flakka og flest vakið athygli.**

**BANDARÍKIN** Sjö mánuðum áður en Donald Trump hafði betur gegn Hillary Clinton og var kjörinn forseti Bandaríkjanna lofaði hann að hætta að nota Twitter næði hann kjöri. Þetta var á fundi með kjósendum í Rhode Island í apríl 2016. En af hverju ætlaði hann að hætta að nota samskiptaforritið? „Það er ekki forsetalegt," var svarið.

Nú þegar ár er liðið síðan hann sór embættiseið er þó ljóst að raunin varð önnur. Trump hefur sent frá sér 2.608 tíst, sem mörg hafa verið af þeim toga að flestir fréttamiðlar heims hafa haft úr nægu að moða þegar Bandaríkjaforseti varpar sprengjum í netheimum. Hann hefur skipt um skoðun síðan á fundinum í apríl 2016 og hefur lýst því yfir á Twitter að miðillinn sé vettvangur hins nútímalega forseta til að koma skilaboðum sínum og skoðunum óhindrað til heimsbyggðarinnar.

BBC birtir athyglisverða úttekt á forsetatístum Trumps síðastliðið ár þar sem búið er að greina umræðuefni og tón. Enginn fær verri útreið á Twitter-síðu Trumps en fjölmiðlar.

Langflest tístin sendir Trump á milli klukkan sex og níu á morgnana. Langoftast hefur hann verið gagnrýninn á eitthvað, eða 1.238 sinnum, á meðan hann er sparsamari á hrósið, 527 sinnum. Hér er sundurliðun á því helsta.

mikael@frettabladid.is



**Ummæli Trumps á Twitter vekja ávallt eftirtekt.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Bræði Trumps

**196 tíst** um falsfréttir (e. fake news) og stóru fjölmiðlana.
**147 tíst** um tiltekna nafngreinda fjölmiðla.
**100 tíst** um Obama, starfslið hans og Obamacare.
**95 tíst** um lögreglu og dómstóla.
**79 tíst** um Hillary Clinton.

### Hrós frá Trump

**79 tíst** um hermenn og fyrrverandi hermenn.
**35 tíst** um þætti, umsjónarmenn eða gesti á Fox-sjónvarpsstöðinni.
**21 tíst** um viðbragðsaðila (oftast eftir náttúruhamfarir).
**12 tíst** um Xi Jinping, forseta Kína.

**1.238 tíst hafa innihaldið gagnrýni á menn og málefni.**







# JAZZ

## Á HONDA BETRA VERÐI

Honda Jazz þýðir meira. Meira líf, meiri lipurð til að snúast og leggja, meiri tækni til að líða vel og njóta. Honda Jazz þýðir Honda-öryggi og rými, sparneytni og áreiðanleika. Þessi Jazz þýðir fleiri tækifæri fyrir þig til að leika af fingrum fram. Já, allt þetta og meira til.

**SÉRVALDIR HONDA JAZZ Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA JAZZ - **VERTU MEIRA TIL**

VERÐ FRÁ KR. 2.460.000

HONDA

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Skurðirnir



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Það verður að virða mannkyni til afsökunar að margt af því tjóni sem við höfum unnið jörðinni var gert í ógáti. Vanþekking hefur þó langt í frá alltaf verið Íslendingum til afsökunar, en það var þó engu að síður tilfellið þegar við ræstum fram votlendi víða um land.

Á árunum eftir stríð og talsvert eftir það fengu bændur greitt fyrir að þurrka upp votlendi og auðvitað fórum við Íslendingar offari. Í Speglinum á RÚV síðastliðinn fimmtudag kom fram að samanlögð lengd skurða á Íslandi er áætluð 34 þúsund kílómetrar og við höfum þurrkað upp eina 4.200 ferkílómetra af landi. Mjög stór hluti af þessu sundurskorna landi er ekki nýttur í dag.

Afleiðingin er langtum skelfilegri en nokkurn hefði getað grunað en framræst votlendi stendur undir 73% af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Þegar jarðvegurinn þornar veldur það því að lífrænu efnin í sverðinum rotna og leysa frá sér lofttegundir, þessar bannsettu gróðurhúsalofttegundir sem eru að gera út af við jörðina, örar en nokkurn óraði fyrir.

Árið 1996 var fyrst farið að huga að endurheimt votlendis á Íslandi en það snerist einkum um að endurheimta fuglalífið sem var að miklu leyti horfið vegna þess að jarðvegurinn þarf á vatninu að halda til þess að lifa. Það kom þó að því að við áttuðum okkur á hversu skaðvænleg framræsing votlendis er, en það hefur þó ekki dugað betur en svo að í dag er meira ræst fram af votlendi en er endurheimt.

Þekkingarleysi á sínum tíma dugir okkur því langt í frá til afsökunar, dregur úr ábyrgð okkar eða breytir einhverju um það að okkur ber að vinda ofan af vitleysunni og bæta skaðann. Í fyrsta lagi hlýtur að þurfa að koma sú kvöð á þá sem framræsa land að þeir skili sambærilegum hektarafjölda til baka eða í það minnsta greiði kostnaðinn af slíkri endurheimt. Samkvæmt Sunnu Áskelsdóttur, verkefnisstjóra endurheimtarverkefnis Landgræðslunnar, er áætlaður kostnaður af endurheimtum hektara um 60 til 70 þúsund krónur.

Sunna bendir einnig á að það sé með góðu móti hægt að endurheimta um 90 þúsund hektara en fjöldi framræstra jarða er í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða löngu kominn í eyði. Áætlaður kostnaður, utan umsýslukostnaðar, er á bilinu 5,4 til 6,3 milljarðar króna. Vissulega er hér um mikla peninga að ræða en ef horft er til ávinningsins er þetta afar góður kostur fyrir okkur Íslendinga til þess að leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn ofhlýnun jarðar.

Það er fagnaðarefni að í vikunni stendur til að stofna sjálfseignarfélag eða Votlendissjóð sem hefur það á dagskrá að endurheimta votlendi með framlögum frá fyrirtækjum og stofnunum, en þó er hætt við að meira þurfi til. Ríkið getur ekki skorast undan ábyrgðinni, því að skaðinn varð fyrir tilstilli hvatningar frá ríkinu og það er löngu tímabært að rísa undir þeirri ábyrgð. Staðreyndin er að við skuldum jörðinni, sjálfum okkur og kynslóðum framtíðarinnar að grípa til aðgerða með því að loka skurðunum, endurheimta votlendið og lífríkið í landinu og það ekki seinna en strax.

**Vissulega er hér um mikla peninga að ræða en ef horft er til ávinningsins er þetta afar góður kostur fyrir okkur Íslendinga til þess að leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn ofhlýnun jarðar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**#tomirvagnar**
Fyrir helgi sendi fjöldi borgarbúa Eyþóri Arnalds, frambjóðanda í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, tóninn. Tilefnið var grein Eyþórs um að Reykvíkingar hefðu valið einkabílinn, en verið væri að þröngva almenningssamgöngum upp á borgarbúa. Ummæli hans um tóma strætisvagna um alla borg vöktu hörð viðbrögð og kepptist fólk við að birta myndir af stútfullum strætisvögnum. Sumir gerðu sér meira að segja sérstaka ferð í strætó til að stinga upp í frambjóðandann. Kannski ætti Eyþór Arnalds að skrifa fleiri greinar um samgöngumál. Þannig gætum við náð skjótum árangri í að draga úr notkun einkabílsins í borginni.

**Sósíalisti með fortíð**
Gunnar Smári Egilsson, stofnandi Sósíalistaflokksins, blés til heljarinnar samkomu um nýliðna helgi í Rúgbrauðsgerðinni. Þar ræddi formaður VR meðal annars við Gunnar Smára og félaga í flokknum um hvað launafólk gæti gert til að endurreisa verkalýðshreyfinguna sem baráttutæki almennings. Það er ánægjulegt að sjá hvað Gunnari Smára er umhugað um launafólk, einungis nokkrum mánuðum eftir að hann rak Fréttatímann í þrot og stökk frá borði, án þess að borga sínu eigin starfsfólki laun.

**olof@frettabladid.is**

## Krabbamein kemur öllum við



**Ragnheiður Davíðsdóttir**
verkefnastjóri Krafts

Nú stendur yfir átak Krafts, stuðningsfélags, undir yfirskriftinni „Krabbamein kemur öllum við“. Um er að ræða vitundarvakningu um ungt fólk og krabbamein.

Árlega greinast um 70 manns á aldrinum 18 – 40 ára með krabbamein hér á landi. Það eru vondu fréttirnar. Góðu fréttirnar eru hins vegar að á undanförnum 45 árum hefur þeim, sem lifa lengur en fimm ár eftir greiningu, fjölgað um 25%. Ástæðan er án efa fólgin í betri meðferð og fullkomnari lyfjum. En þótt líkurnar á því að læknast af krabbameini, eða lifa með ólæknandi krabbameini, hafi aukist til muna, er auðvitað enn mikið áfall fyrir ungt fólk að greinast með þennan sjúkdóm og það er ekki síður þungbært fyrir aðstandendur að takast á við aðstæður þegar ástvinir þeirra greinast. Það álag er ekki bara tilfinningalegt – heldur hefur það ekki síður áhrif á lífsgæði allrar fjölskyldunnar auk fjárhagslegra byrða. Þar kemur Kraftur, stuðningsfélag, til sögunnar; félag sem styður við bakið á bæði þeim krabbameinsgreinda og aðstandendum hans.

Kraftur er lítið félag sem byggir afkomu sína á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum og nýtur auk þess ómetanlegs stuðnings frá Krabbameinsfélagi Íslands. Undanfarin þrjú ár hefur félagsmönnum Krafts fjölgað ört og að sama skapi hefur umfang félagsins aukist. Æ fleiri leita því til félagsins, t.d. eftir sálfræðiþjónustu, jafningjastuðningi eða styrk úr Neyðarsjóðnum. Því aukna álagi hefði félagið ekki getað mætt nema vegna þess að almenningur leggst á sveif með Krafti við að perla armbönd sem seld eru til fjáröflunar svo hægt sé að standa straum af fjölþættri starfsemi félagsins. Flestir fjölmiðlar landsins hafa sameinast um að styðja við bakið á Krafti varðandi birtingar á efni átaksins og með umfjöllun um það á annan hátt. Fyrir það, stuðning fyrirtækja og almennings auk allrar vinnu sjálfboðaliðanna við að perla armböndin, er félagið óendanlega þakklátt. Kraftur mun hér eftir sem hingað til standa undir trausti þeirra sem styrkja félagið með því að fara vel með söfnunarfé í þágu félagsmanna sinna.

**Kraftur er lítið félag sem byggir afkomu sína á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum og nýtur auk þess ómetanlegs stuðnings frá Krabbameinsfélagi Íslands.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# 300 borgarlínur frá aldamótum

Í DAG

Pawel Bartoszek



Er ekki galið að fara að byggja upp eitthvert sporvagna-léttlestar-hraðvagnakerfi í Reykjavík? Þetta er úreld tækni sem allir eru búnir að segja skilið við! Almennt eru allar evrópskar borgir að leggja niður sporvagna til að rýma fyrir sjálfkeyrandi bílum.

Einu borgirnar sem ég man eftir að hafi byggt upp einhver svona léttlestarkerfi frá aldamótum eru Palermo, Edinborg, Murcia, Zaragoza, Lyon, Toulouse, Nice, Santa Cruz de Tenerife, Sevilla, Aþena, Dublin, Nottingham, Bordeaux, Portó, Búkarest og Bilbao.

Og þetta eru allt stórborgir! Það dettur engum í hug að setja sporvagn eða léttlest í borg með undir hálfri milljón íbúa. Enda þekkist varla á meginlandinu að þannig smáborg fjárfesti í slíku.

Einu undantekningarnar sem koma upp í hugann eru Árósar, Lúxemborg, Olsztyn, Aubagne, Besançon, Tours, Brest, Dijon, Le Havre, Angers, Reims, Flórens, Mestre, Björgvin, Bergamo, Cagliari, Vitoria-Gasteiz, Le Mans, Kassel, Padova, Clermont-Ferrand, Mulhouse, Valenciennes, Sassari og Messina.

Þessar borgir, sem eru svipaðar Reykavík að stærð, hafa byggt upp léttlestarkerfi frá aldamótum. Engar aðrar!

Þessar örfáu undantekningar er að finna í Evrópu, vitaskuld. Annars staðar í hinum vestræna heimi þykja hugmyndir um uppbyggingu nýrra léttlestar- eða sporvagnakerfa fráleitar. Nær allar bandarískar borgir lögðu niður sporvagnakerfi sín á 20. öldinni og engum dettur í hug að endurvekja þá drauga. Engin borg í Norður-Ameríku hefur byggt upp slíkt kerfi á þessari öld.

Það er að segja ef frá eru taldar borgirnar Detroit, Washington, Kansas City, Cincinnati, Charlotte, Dallas, Tucson, Atlanta, Salt Lake City, Norfolk, Seattle, Phoenix, Oceanside, Seattle, Philadelphia, Minneapolis, Little Rock, Houston, Camden, Tacoma, Tampa, Portland og Ottawa.

Það má síðan bæta við að öll dæmin að ofan eru kerfi sem ákveðin voru fyrir þónokkru síðan, áður en menn áttuðu sig á því að fljúgandi snjallbílar væru framtíðin. Ekki veit ég til þess að verið sé að byggja upp nein ný léttlestarkerfi í þessum töluðu orðum fyrir utan örfáa staði á borð við Kaupmannahöfn, Óðinsvé, Tampere, Avignon, Amiens, Lens, Nîmes, St. Louis, Contra Costa, El Paso, Milwaukee, Oklahoma, Tempe og Maryland.

En svo er auðvitað fáránlegt að ræða einhver sporvagnakerfi þegar það stendur ekki einu sinni til að byggja upp slíkt í Reykjavík. Nei, í Reykjavík á að öllum líkindum að fara að byggja upp svokallað Bus Rapid Transit kerfi, strætóa með sporvagnavaralit, á sérakreinum.

Það eru ekki margar evrópskar borgir sem hafa hleypt svona furðuskepnum á göturnar frá aldamótum. Nei, þær eru: Helsinki, Belfort, Caen, Cannes, Chalon-sur-Saône, Douai, La Rochelle, Le Mans, Lille, Lorient, Lyon, Maubeuge, Metz, Nantes, Nîmes, Rouen, Saint-Nazaire, Strasbourg, Toulouse, Almere, Amsterdam, Eindhoven, Utrecht, Castellón, Granada, Gautaborg, Zürich, Istanbúl, Cambridge, Fareham, Kent, Luton og Swansea.

**Á tæpum tuttugu árum hafa 300 borgir um allan heim opnað nýjar borgarlínur.**

Þessi örfáu dæmi um ný hraðvagnakerfi er vitanlega flest að finna í Evrópu, álfu hópsálanna. Ísland er miklu meira eins og Norður-Ameríka. Við erum einstaklingshyggjufólk sem viljum ferðast ein í bíl, þangað sem okkur hentar, þegar það hentar okkur. Það er því mun nærtækara að líta til fordæma um BRT-kerfi í Norður-Ameríku.

Og þau eru fá. Frá aldamótum eru þetta einungis borgirnar Gatineau, Winnipeg, York, Alexandria, Cleveland, Eugene, Fort Collins, Hartford, Las Vegas, Los Angeles, New York og San Bernandino.

Þá liggur það fyrir. Á þessari öld hafa einungis um 120 evrópskar eða norðuramerískar borgir opnað ný léttlestar-, sporvagna- eða hraðvagnakerfi. Einungis 120 nýjar „borgarlínur“. Til viðbótar má finna dæmi um 130 ný slík kerfi í Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og Eyjaálfu á sama tímabili. Samtals eru þetta því um 250 borgir um allan heim. Loks má bæta því við að frá aldamótum hafa verið opnuð um 60 ný neðanjarðarlestarkerfi.

Vonandi að þessi upptalning verði til þess að þagga niður í draumórafólkinu sem heldur að einhverjar hágæða-almenningssamgöngur séu framtíðin. Á tæpum tuttugu árum hafa 300 borgir um allan heim opnað nýjar borgarlínur. Allar hinar borgirnar eru að búa sig undir framtíðina. Og framtíðin er víst tómur, sjálfkeyrandi bíll, einn á leiðinni, að sækja eiganda sinn.

# Um viðhald fasteigna og húsbók fjölbýlishúsa

Daníel Árnason
framkvæmdastjóri Eignaumsjónar



Mikil verðmæti eru fólgin í fasteignum landsmanna sem sést m.a. af því að í árslok 2016 nam verðmæti vátryggðra fasteigna hjá Viðlagatryggingu Íslands 8.015 milljörðum króna. Til að tryggja að verðmæti fasteigna rýrni ekki þarf að sinna viðhaldi þeirra vel og skipulega en þar er því miður víða pottur brotinn hérlendis.

Eins og nýleg dæmi sanna hefur „íslenska aðferðin“ oftar en ekki verið sú að bíða með viðhald og viðgerðir fasteigna þar til í óefni er komið, með tilheyrandi aukakostnaði og raski sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir með reglubundnu viðhaldi og skipulagðari vinnubrögðum.

Þegar keyptur er notaður bíll fer hann gjarnan í gegnum söluskoðun, honum fylgir smurbók, vottorð um tjónasögu og ennfremur fær hugsanlegur kaupandi að setjast undir stýri og prófa ökutækið.

**Auka þarf kröfur um upplýsingaskyldu**

Þessu er alls ekki svona farið þegar um er að ræða fasteignaviðskipti. Þrátt fyrir takmarkaða möguleika kaupanda til að sannreyna ástand og eiginleika húss, hvílir ábyrgðin og skoðunarskylda fyrst og fremst á kaupanda. Seljanda er einungis skylt að upplýsa um yfirstandandi eða formlega samþykktar viðhaldsframkvæmdir. Í þessum samanburði við bílaviðskiptin er einnig rétt að minna á að í fasteignaviðskiptum er oft verið að meðhöndla ævisparnað og lífeyrissjóð einstaklinga og fjölskyldna. Með öðrum orðum, fasteignaviðskiptum fylgir of oft áhætta, áhætta sem ekki er reynt að draga úr með auknum kröfum um upplýsingaskyldu af hálfu seljanda. Það verður að teljast eðlileg krafa að samhliða sölu á notaðri fasteign fylgi ástandslýsing hennar og viðhaldssaga og rétt að hvetja löggjafann til að bæta úr hvað þetta varðar.

**Það verður að teljast eðlileg krafa að samhliða sölu á notaðri fasteign fylgi ástandslýsing hennar og viðhaldssaga og rétt að hvetja löggjafann til að bæta úr hvað þetta varðar.**

Til að brjótast út úr þessum vítahring er eðlilegt að leggja áherslu á að safna skipulega hagnýtum upplýsingum um fasteignir til að birta með sölugögnum og veita þannig sem besta yfirsýn yfir ástand viðkomandi fasteignar.

**„Þjónustubók“ fjöleignarhúsa**

Æskilegt er að festa í lög ákvæði um upplýsingaskyldu af þessu tagi. Þar koma eflaust margar leiðir til greina, en sem dæmi um nálgun vil ég leyfa mér að nefna eins konar „þjónustubók“ fjöleignarhúsa, þar sem íbúar húsfélags geta nálgast á einum stað allar upplýsingar um umgengis- og öryggismál sinnar húseignar, ásamt hagnýtum upplýsingum, s.s. um fjármál, byggingarsögu og viðhald.

Það er trú mín að slík húsbók leiði til betra fyrirkomulags fasteignaviðhalds og meiri reglufestu í fjölbýlishúsum og geti því vel nýst sem innlegg í endurskoðun á lögum og reglum um fjöleignahús. Jafnframt yrði húsbókin ómetanlegt tæki við kaup og sölu íbúða í fjölbýlishúsum – því þar væru aðgengilegar á einum stað allar upplýsingar um viðkomandi eign og viðhaldssögu hennar!





Tiana Ósk Whitworth með gullverðlaunapeningana tvo sem hún vann á Stórmóti ÍR í frjálsum íþróttum um helgina. Hún var að vonum ánægð með uppskeru helgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sér ekki eftir því að hafa valið frjálsar

**Tiana Ósk Whitworth náði frábærum árangri á Stórmóti ÍR í frjálsum íþróttum um helgina. Hún vann til tveggja gullverðlauna, sló Íslandsmetið í 60 metra hlaupi og náði sínum besta tíma í 200 metra hlaupi. Hún stefnir á að komast á HM U-20 ára í Finnlandi í sumar.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hin 17 ára Tiana Ósk Whitworth úr ÍR stal senunni á Stórmóti ÍR í frjálsum íþróttum sem fór fram í Laugardalnum um helgina.

Á laugardaginn kom Tiana fyrst í mark í úrslitum í 60 metra hlaupi kvenna á tímanum 7,47 sekúndum. Hún sló þar með þriggja ára gamalt Íslandsmet Hrafnhild Eirar R. Hermóðsdóttur um þrjá hundruðustu úr sekúndu. Hrafnhild varð einmitt í 2. sæti í úrslitahlaupinu á laugardaginn á 7,66 sekúndum.

Tiana lét sér ekki nægja gull og Íslandsmet í 60 metra hlaupi heldur bætti hún öðrum gullverðlaunum í safnið með því að vinna 200 metra hlaupið í gær. Hún hljóp á 24,39 sekúndum sem er hennar besti tími í greininni.

„Þetta gekk vonum framar og ég bjóst ekki við þessu á fyrsta móti. Ég er mjög ánægð með helgina,“ sagði Tiana í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þetta var alls ekki eitthvað sem ég stefndi að strax. Ég var búin að hugsa um þetta en alls ekki á fyrsta móti. Það er alltaf gaman að hlaupa með Hrafnhild, hún er svo ótrúlega flott. Þetta kom mér á óvart. Ég er enn að ná þessu.“

Tiana segist hafa lagt mikla vinnu í að bæta sig í 200 metra hlaupi og því hafi árangurinn í gær verið sérstaklega ánægjulegur.

„Aðalgreinarnar mínar eru 60 og 100 metra hlaup en ég reyni líka að einbeita mér að 200 metrunum. „Startið“ er mín sterkasta hlið en ég er að vinna í hraðaþoli,“ sagði Tiana.

Íslandsmethafinn nýkrýndi byrjaði að æfa frjálsar fyrir nokkrum árum en var áður í fimleikum.

„Ég held ég hafi byrjað 2013. Íþróttakennarinn minn í grunnskóla fékk mig til að prófa eina frjálsíþróttaæfingu og þetta var strax það skemmtilegasta sem ég hafði prófað. Þá henti ég mér strax í þetta,“ sagði Tiana. „Ég var lengi í fimleikum og það var erfið ákvörðun hvort ég ætti að hætta í þeim og byrja í frjálsum. En ég sé alls ekki eftir því. Að æfa frjálsar er það skemmtilegasta sem ég geri.“

**7,47**

**sekúndur er Íslandsmet Tiönu Óskar Whitworth í 60 metra hlaupi.**

Þrátt fyrir árangur helgarinnar er Tiana hvergi nærri hætt.

„Nú er bara að setja sér ný markmið. Mig langar að ná lágmörkum fyrir mót í sumar og einbeita mér að því að bæta tímana mína eins og ég get,“ sagði Tiana. Hún stefnir á að komast á HM U-20 ára sem fer fram í Tampere í Finnlandi í sumar.

„Ég á betri tíma en lágmörkin í 100 metra hlaupi en ég þarf að hlaupa það aftur. Það er bara að koma sér í gott form og ná góðu hlaupi,“ sagði Tiana sem keppti m.a. á Smáþjóðaleikunum í San Marínó í fyrra. En hvert stefnir Tiana í framtíðinni?

„Mig langar að ná eins langt í íþróttinni og ég get og halda áfram að bæta mig,“ sagði Tiana að lokum.

ingvithor@frettabladid.is



„Námið hjá Promennt gagnast mér gríðarlega vel á nýjum starfsvettvangi enda mjög hagnýtt bókhaldsnám. Möguleiki á stað- og fjarnámi skipti mig mjög miklu þar sem ég var í fæðingarorlofi mestan hluta námstímans. Í kjölfar þessa skemmtilega og krefjandi náms sinni ég nú verkefnum aðalbókara/fjármálastjóra í nýju starfi í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki.

**Ingunn Guðbrandsdóttir, fyrrverandi nemandi í Bókhaldi**

GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**




# BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **29. janúar** • Morgun- og kvöldhópur • **23 skipti**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **24. og 27. janúar** • Morgun- og kvöldhópur • **24 skipti**

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námið skiptist í fimm hluta:
- **Bókhald – grunnur**
- **Verkefnastjórnun með MindManager**
- **Bókaranám fyrir lengra komna**
- **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

**Hefst 29. janúar • Lýkur í desember 2018**

## SKRIFSTOFUSKÓLI 1 OG 2

**EINSTAKT VERÐ**

Tvær mjög gagnlegar námsbrautir í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **54.000 kr.** (pr. námsbraut) í stað 293.000 kr.

Hefst **1. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

## UPPLIFUN NEMENDA

„Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til.
**Signý Björk Kristjánsdóttir, Bókaranám fyrir lengra komna.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 174994
Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 24. umferðar 2017-18**

**Brighton - Chelsea 0-4**
0-1 Eden Hazard (3.), 0-2 Willian (6.), 0-3 Hazard (77.), 0-4 Victor Moses (89.).

**Arsenal - C. Palace 4-1**
1-0 Nacho Monreal (6.), 2-0 Alex Iwobi (10.), 3-0 Laurent Koscielny (13.), 4-0 Alexandre Lacazette (22.), 4-1 Luka Milivojevic (78.).

**Burnley - Man. Utd. 0-1**
0-1 Anthony Martial (54.).

**Everton - West Brom 1-1**
0-1 Jay Rodriguez (7.), 1-1 Oumar Niasse (70.).

**Leicester - Watford 2-0**
1-0 Jamie Vardy, víti (39.), 2-0 Riyad Mahrez (90+1.).

**Stoke - Huddersfield 2-0**
1-0 Joe Allen (53.), 2-0 Mame Biram Diouf (69.).

**West Ham - B'mouth 1-1**
0-1 Ryan Fraser (71.), 1-1 Chicharito (73.).

**Man. City - Newcastle 3-1**
1-0 Sergio Agüero (34.), 2-0 Agüero, víti (63.), 2-1 Jacob Murphy (67.), 3-1 Agüero (83.).

**S'oton - Tottenham 1-1**
1-0 Davinson Sánchez, sjálfsmark (15.), 1-1 Harry Kane (18.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 24 | 21 | 2 | 1 | 70-18 | 65 |
| Man. Utd. | 24 | 16 | 5 | 3 | 49-16 | 53 |
| Chelsea | 24 | 15 | 5 | 4 | 45-16 | 50 |
| Liverpool | 23 | 13 | 8 | 2 | 54-28 | 47 |
| Tottenham | 24 | 13 | 6 | 5 | 47-22 | 45 |
| Arsenal | 24 | 12 | 6 | 6 | 45-31 | 42 |
| Leicester | 24 | 9 | 7 | 8 | 36-32 | 34 |
| Burnley | 24 | 9 | 7 | 8 | 19-21 | 34 |
| Everton | 24 | 7 | 7 | 10 | 26-39 | 28 |
| Watford | 24 | 7 | 5 | 12 | 33-44 | 26 |
| West Ham | 24 | 6 | 8 | 10 | 30-42 | 26 |
| B'mouth | 24 | 6 | 7 | 11 | 25-36 | 25 |
| C. Palace | 24 | 6 | 7 | 11 | 22-37 | 25 |
| Huddersf. | 24 | 6 | 6 | 12 | 19-41 | 24 |
| Newcastle | 24 | 6 | 5 | 13 | 22-34 | 23 |
| Brighton | 24 | 5 | 8 | 11 | 17-33 | 23 |
| Stoke | 24 | 6 | 5 | 13 | 25-50 | 23 |
| S'oton | 24 | 4 | 10 | 10 | 24-35 | 22 |
| West Brom | 24 | 3 | 11 | 10 | 19-31 | 20 |
| Swansea | 23 | 4 | 5 | 14 | 14-35 | 17 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi**


Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Lék allan leikinn þegar Everton gerði 1-1 jafntefli við West Brom. Everton hefur ekki enn unnið leik á árinu 2018.


Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Var á sínum stað í byrjunarliði Burnley sem tapaði 0-1 fyrir Man. Utd. Skaut í slá í seinni hálfleik.


Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Er enn frá vegna meiðsla hjá Cardiff sem gerði jafntefli við Sheffield Wednesday.


Reading
**Jón Daði Böðvarsson**
Lék allan leikinn í fremstu víglínu hjá Reading sem tapaði 0-1 fyrir Brentford.


Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Lék allar 90 mínúturnar og átti góðan leik í 3-1 sigri Aston Villa á Barnsley.


Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Var í byrjunarliðinu og lék allan tímann þegar Bristol City gerði 0-0 jafntefli við Derby.



**Alexis Sánchez og Henrikh Mkhitaryan eru á leið hvor í sína áttina. Chile-maðurinn, sem var að renna út á samningi hjá Arsenal, fer til Manchester United þar sem hann staðinn fer hinn armenski Mkhitaryan til Arsenal þar sem hann vonast til að geta sýnt sitt rétta andlit. Mkhitaryan byrjaði tímabilið af miklum krafti en hefur átt erfitt**

# Leikmannaskiptin sem allir eru

Alexis Sánchez er á förum frá Arsenal til Manchester United í skiptum fyrir Henrikh Mkhitaryan. Skiptin virðast til að Sánchez valdi treyjunúmerinu sjö sem margar hetjur hafa haft á bakinu. Mkhitaryan byrjaði vel í vetur, gaf

**FÓTBOLTI** Eftir mánaða langa óvissu er loksins ljóst hvað verður um Alexis Sánchez. Chile-maðurinn er á leið til Manchester United í skiptum fyrir Henrikh Mkhitaryan. Enginn peningur fer á milli félaganna heldur ur er um að ræða leikmannaskipti sem bæði lið virðast koma ágætlega út úr.

United fær leikmann sem hefur verið í fremstu röð í mörg ár, spilað með stórum félögum og þekkir ensku úrvalsdeildina. Búist er við að Sánchez fái treyju númer sjö hjá United sem Bryan Robson, Eric Cantona, David Beckham og Cristiano Ronaldo klæddust á sínum tíma.

**Vonast eftir alvöru United-sjöu**

Stuðningsmenn Manchester-liðsins vonast til þess að Sánchez verði alvöru United-sjöa sem hleypi nýju lífi í sóknarleik liðsins. Lærisveinar José Mourinho hafa verið beittari fyrir framan markið en á síðasta tímabili en betur má ef duga skal. United hefur skorað 49 mörk í ensku úrvalsdeildinni í vetur, 21 marki minna en toppliðið Manchester City. Mourinho vill líka fá meiri samkeppni um stöður fremst á vellinum.

„Í augnablikinu er engin samkeppni um stöðurnar frammi,“ sagði Portúgalinn eftir 0-1 sigur United á Burnley á laugardaginn. „Í augnablikinu erum við bara með fjóra sóknarmenn fyrir þrjár stöður. Þrír byrja á meðan einn er á bekknum.“

Sánchez er 29 ára, jafngamall og Robin van Persie var þegar United keypti hann frá Arsenal 2012.

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Stoke vann afar mikilvægan sigur á Huddersfield í fyrsta leiknum undir stjórn Pauls Lambert. Þetta var fyrsti sigur Stoke síðan á Þorláksmessu og með honum komst liðið upp úr fallsæti. Fram undan hjá Stoke eru leikir gegn liðunum í neðri hlutanum og þá geta lærisveinar Lamberts bætt stöðu sína enn frekar.

**Hvað kom á óvart?**
Það kom ekki á óvart að Watford tapaði fyrir Leicester á laugardaginn. Það kom meira á óvart að Watford ræki Marco Silva úr starfi knattspyrnustjóra daginn eftir. Watford byrjaði tímabilið vel en það hefur hallað undan fæti hjá liðinu að undanförnu.

**Mestu vonbrigðin**
Tottenham náði aðeins jafntefli gegn Southampton á velli Heilagrar Maríu. Spurs var meira með boltann og sótti stíft en tókst ekki að kreista fram sigur á Dýrlingunum. Southampton gat hins vegar ágætlega við stigið unað en liðið er í harðri fallbaráttu.

## Leikmaður helgarinnar



Sergio Agüero skoraði öll mörk Manchester City í 3-1 sigri á Newcastle United á laugardaginn. City komst þar með aftur á sigurbraut eftir tapið fyrir Liverpool um síðustu helgi. Með sigrinum endurheimti City þriggja stiga forystu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

Agüero, sem er markahæsti leikmaður í sögu City, er nú kominn með 16 mörk í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Aðeins Harry Kane (21) og Mohamed Salah (18) hafa skorað meira.

Argentínumaðurinn hefur skorað 16 deildarmörk eða meira á sex af sjö tímabilum sínum í ensku úrvalsdeildinni. Alls hefur Agüero skorað 138 mörk í 200 deildarleikjum með City.

Manchester-liðið er búið að skora 70 mörk í 24 deildarleikjum í vetur, eða tæp þrjú mörk að meðaltali í leik. Chelsea á metið yfir flest mörk á einu tímabili í ensku úrvalsdeildinni, 103, en það verður að teljast næsta víst að City slái það met í vor. – iþs

Stuðningsmenn United vonast til að Chile-maðurinn hafi sömu áhrif og Hollendingurinn hafði á sínum tíma. Van Persie skoraði grimmt þegar United varð síðast Englandsmeistari, vorið 2013.

**Spurning um peninga?**

Umræðan um félagaskipti Sánchez hefur að miklu leyti snúist um að Chile-maðurinn sé einhvers konar málaliði, drifinn áfram af græðgi og hafi þess vegna valið United í staðinn fyrir fótboltahimnaríki nágrannanna í Manchester City.

Lið Peps Guardiola spilar vissulega mun skemmtilegri fótbolta en United og leikstíllinn er ákjósanlegri fyrir sóknarmenn. Og Sánchez fær vel borgað hjá United. En það er ekki eins og leikmenn spili frítt fyrir City og stærsta ástæðan fyrir uppgangi félagsins undanfarinn áratug eru peningarnir sem hefur verið dælt í það.

**Var búinn að stimpla sig út**

Arsenal missir vissulega sinn besta leikmann en samningur hans var að renna út og Sánchez var klárlega búinn að stimpla sig út hjá Skyttunum. Í staðinn fær Arsenal gríðar-

# Fólk

Hráfæði

MÁNUDAGUR 22. JANÚAR 2018

# Sykurleysið er bragðgott

Sjötta árið í röð stendur Júlía Magnúsdóttir fyrir tveggja vikna sykurlausri áskorun. Ávinningur átaksins er ólíkur eftir hverjum og einum.



„Þetta er í sjötta árið sem ég stend fyrir þessari áskorun sem nýtur alltaf jafn mikilla vinsælda," segir Júlía Magnúsdóttir heilsumarkþjálfi. MYND/ANTON BRINK



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Júlía Magnúsdóttir, heilsumarkþjálfi og hráfæðiskokkur, stendur fyrir ókeypis fjórtán daga sykurlausri áskorunin sem hefst í dag, mánudaginn 22. janúar. Öllum er frjálst að taka þátt og skrá sig á lifdutilfulls.is.

„Þetta er sjötta árið sem ég stend fyrir þessari áskorun sem nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda. Nú þegar eru rúmlega 25.000 manns búnir að skrá sig til leiks en þátttakendur fá sendar ókeypis uppskriftir og innkaupalista, alls fimm uppskriftir fyrir hvora viku, sem eiga að slá á sykurlöngunina.“

## Ekkert vesen

Hún segir að þegar flestir hugsi um sykurleysi verði þeir eins og litlir krakkar sem vilja ekki sleppa nammipokanum. „Með áskoruninni langar mig að sanna að sykurleysið er bragðgott og ekkert vesen. Ég skora á alla að vera með því það er engu að tapa. Aftur á móti er ávinningurinn mikill og hafa fyrri þátttakendur talað um t.d. meiri orku, bættan svefn, meiri alhliða vellíðan og að hafa losnað við 3-5 aukakíló. Ávinningurinn er ólíkur eftir hverjum og einum en það er alveg ljóst að allir hagnast á því að taka unna sykurinn úr mataræðinu. Það eina sem ég bið um eru 10 mínútur aukalega á dag í eldhúsinu til að gera ómótstæðilega góða uppskrift sem hjálpar til við að minnka sykurlöngun og auka orkuna.“

## Tók sig í gegn

Sjálf breytti Júlía mataræði sínu fyrir sjö árum og tók lífsstílinn í gegn þegar hún uppgötvaði að heilsa hennar væri á hraðri niðurleið. „Ég var orðin mjög slæm af iðraólgu, orkuleysi og síþreytu og var mjög háð sykri. Auk þess greindist ég með latan skjaldkirtil sem ekki bætti ástandið.“

Með breyttu mataræði tók líf hennar 180 gráðu viðsnúning að eigin sögn. „Ég trúði varla þeirri vellíðan og orku sem fylgdi í kjölfarið. Á sama tíma varð ég heilluð af heilsufræðum og gerðist í kjölfarið heilsumarkþjálfi og næringar- og lífsstílsráðgjafi og seinna meir hráfæðiskokkur.“

Fyrir þá sem þekkja ekki hráfæði er það hugtak yfir hráa og óunna fæðu sem ekki hefur verið elduð. „Fæðan er fyrir vikið sérlega næringarrík. Hita má hráefnin allt að 40-45 gráður en þannig fara næringarefnin ekki til spillis. Vegna kuldans hér á landi kýs ég að nota hráfæði í bland við eldaðan mat og mæli með því fyrir flesta aðra líka, enda raunhæf og fjölbreytt leið í matargerð.“

Júlía gefur hér lesendum Fréttablaðsins þrjár auðveldar og hollar uppskriftir. Nánari upplýsingar um Júlíu og námskeið hennar má finna lifdutilfulls.is auk þess sem fylgjast má með henni á Facebook, Snapchat (lifdutilfulls) og Instagram (julias.food).



Fræmix sem gott er að eiga í skápnum.



Vanillu- og myntudraumur er dásamlegur drykkur.





Vegan BLT samloka sem inniheldur m.a. eggaldin.

**Með áskoruninni langar mig að sanna að sykurleysið er bragðgott og ekkert vesen. Ég skora á alla að vera með því það er engu að tapa.**

Júlía Magnúsdóttir



Júlía Magnúsdóttir tók mataræðið í gegn fyrir sjö árum þegar hún uppgötvaði að heilsa hennar væri á hraðri niðurleið.

## Klikkuð vegan BLT samloka

- Lífrænt súrdeigsbrauð
- 1 eggaldin, skorið í strimla
- 3 hvítlaukar saxaðir
- 2 msk. ólífuolía
- 1 sítróna kreist
- 2 tsk. paprika
- 2 tsk. kóríander
- 1 tsk. chiliduft
- Salt og pipar
- Daiya ostur í sneiðum eða vegan smurostur (notið geitaost eða mozzarella-ost ef þið kjósið í stað vegan)
- Handfylli klettasalat
- 1 tómatur
- Fersk basilíka

Skerið eggaldin í strimla. Hrærið saman í kryddblönduna og veltið eggaldininu upp úr því.
Grillið eða steikið á pönnu í 5-7 mín. eða þar til eggaldinið er orðið mjúkt. Fyrir fljótlegri samloku má sleppa eggaldininu.
Smyrjið tvær súrdeigsbrauðsneiðar með osti. Raðið á aðra sneiðina ferskri basilíku, tómatsneiðum, grilluðu eggaldin, klettasalati og lokið samlokunni.
Best er að grilla samlokuna örlítið í samlokugrilli en samlokan er einnig góð köld.

## Vanillu- og myntudraumur

uppskrift fyrir 2

**Vanillumjólk**
- 2 bollar (1 dós) kókosmjólk
- Nokkrir vanilludropar eða stevía með vanillubragði

## Myntuþeytingur

- 1 bolli möndlu- eða kókosmjólk
- 2 handfylli spínat
- 1 banani
- 4 msk. chia-fræ, útbleytt
- 8 myntulauf
- 1 msk. hemp-fræ

Hrærið allt saman í vanillumjólkina í blandara. Hellið í tvö glös eða glerflöskur til að geyma. Setjið næst hráefni fyrir myntuþeytinginn í blandarann og hrærið. Hellið yfir glösin og hrærið með skeið fyrir fallega áferð.

## Fræmix

- 1 bolli möndlur, hnetur eða fræ
- ¼ bolli þurrkaðir ávextir
- ¼ bolli sykurlaust súkkulaði, brotið niður eða saxað

Hrærið saman í blöndu. Geymið í glerkrukku og stelist í þegar sykurlöngunin lætur finna fyrir sér.



# Fasteignir.is

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

4. TBL. MÁNUDAGUR 22. JANÚAR 2018



heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali | Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali | Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali | Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali | Ásdís Írena Sigurðardóttir skrifstofustjóri | Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



**Ingólfur Geir Gissurarson** Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari **896 5222**

**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc **693 3356**

**Herdís Valb. Hölludóttir** Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali **694 6166**

**Úlfar F. Jóhannsson** hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



**Margrét Sigurgeirsdóttir** Skrifstofustjóri margret@valholl.is **588 4477**

**Pétur Steinar Jóhannsson** Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi **893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir.** Lita og innanhús Stílisti. Löggiltur fasteignasali **892 8778**

**Sturla Pétursson** Löggiltur fasteignasali **899 9083**

**Snorri Snorrason** Löggiltur Fasteignasali. Útibú Höfn í Hornafirði. **895-2115**

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2016

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is


# Endaraðhús við sjávarsíðuna

Fallegt 200,4 fermetra endaraðhús við sjávarsíðuna á Seltjarnarnesi með innbyggðum bílskúr. Einstaklega fallegt óhindrað sjávarútsýni er frá stofu og eldhúsi að Esju og Snæfellsjökli. Stór grasi vaxinn suðurgarður.

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er húsið skráð 200,4 fm, þar af innbyggður bílskúr 34,1 fm. Eignin skiptist í anddyri, hol, fjögur herbergi, stofur, eldhús, baðherbergi, snyrtingu, þvottaherbergi og bílskúr.

Neðri hæð: Komið er inn í flísalagt anddyri. Stórt parketlagt herbergi með góðum skápum. Flísalögð gestasnyrting með vegghengdu salerni. Þvottaherbergi með flísum á gólfi, innrétting með þvottavél og þurrkara ásamt skolvaski. Parketlagt sjónvarpshol, þaðan er hægt að ganga út í garð. Flísalagt baðherbergi með góðri innréttingu, vegghengdu salerni, sturtuklefa og baðkari. Þrjú herbergi á suðurhlið, öll með skápum og parketi á gólfi. Innangengt er í bílskúr þar sem er skolvaskur.

Efri hæð: Stór og björt parketlögð stofa með stórum gluggum til norðurs og gluggaröð til suðurs. Í vesturenda efri hæðar er opið eldhús



**Endaraðhús við Látraströnd á Seltjarnarnesi er til sölu hjá Eignamiðlun.**

með hvítri Alno-innréttingu, innbyggðum ísskáp og uppþvottavél og góðum borðkrók með fallegu útsýni í átt að Snæfellsjökli.

Að sögn seljanda áttu töluverðar framkvæmdir sér stað árið 2007, meðal annars var skipt um frárennslislagnir og flestar raflagnir og sett upp gólfhitakerfi á neðri hæð. Skipt var um bárujárn á þaki 2007 og gert við húsið að utan 2010.

Húsið getur verið laust til afhendingar strax.

Nánari upplýsingar: Brynjar Þór Sumarliðason, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali – brynjar@eignamidlun.is.


heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali | Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali | Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali | Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali | Ásdís Írena Sigurðardóttir | Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook



**Við óskum eftir!**
Við leitum eftir fasteignum á höfuðborgarsvæðinu á söluskrá okkar vegna mikillar eftirspurnar. Við veitum góða faglega þjónustu á traustum grunni. Ef þú ert í söluhugleiðingum velur þú gott heimili í framhaldinu.



**Bæjarlind - Nýjar íbúðir.**
Glæsilegar nýjar íbúðir í sérlega fallegu lyftuhúsi við Bæjarlind í Kópavogi, rétt við Smáralind. íbúðir eru frá 88,6 fm til 155,5 fm, 2ja til 4ra herbergja, stæði í bílageymslu fylgir hluta íbúða. Glæsilegt útsýni er frá sumum íbúðanna. Afhending vorið 2018.
**Verð frá 49,9 .** Uppl . Gunnlaugur 617 5161



**Sumarhús í Vatnsdal.**
Gott heilsárshús í Vatnsdal, aðeins um 15 mín akstur frá Blönduósi. Húsið er um 52 fm með tveim herbergjum, útigeymslu og stórum sólpalli í kringum húsið. Fallegt útsýni yfir Vatnsdalinn.
**Verð 10,7 millj.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Vefarastræti - góð 4ra með stæði í bílageymslu.**
Vel skipulögð um 103 fm íbúð á 3. hæð í nýju viðhaldslitlu lyftuhúsi. Íbúðin er með þrem góðum herbergjum og fallegri suðurstofu með útsýni. Fallegir hornguggar gefa henni skemmtilegan svip. Íbúðin er ný og án gólfefna. Fallegar innréttingar og skápar. Laus strax. **Verð 44,9 millj.** Upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Hraunbær 18. - 4ra með aukaherbergi.**
Vel skipulögð um 131 fm endaíbúð á 1. hæð á góðum stað við Hraunbæ. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð, m.a. parket, innréttingar o.fl. Þrjú góð herbergi ásamt aukaherbergi í kjallara sem er leigt út. Tvennar svalir í austur og suður, fallegt útsýni. **V. 48,5 m. Opið hús á morgun frá kl. 17:15 - 17:45.** Frekari upplysingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Silfurteigur 3 - Falleg 3ja herb.**
Björt og falleg risíbúð. Stofa með parketi á gólfi og útgengi á suður svalir. Opið inn í eldhús frá stofu, baðh. með ágætri innréttingu, tvö herbergi, bæði með parketi á gólfi og annað með fataskápum. Sameiginlegt þvottahús í kjallara og sameiginleg lóð. Nánari uppl. veitir Brynjólfur s: 896-2953.
**Opið hús á morgun, þriðjudag, kl. 16:30 - 17:00.**



**Skúlagata 20 - 3ja herb. á efstu hæð.**
Falleg 87,1 fm íbúð á sjöttu (efstu) hæð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Tvö góð svefnherbergi, björt stofa með mikilli lofthæð, eldhús opið að hluta inn í stofu, snyrtilegt baðherbergi með sturtu og tengi fyrir þvottavél og þurrkara, rúmgóðar svalir til suðurs og óskert útsýni til norðurs. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, lgfs, S: 896-2953, brynjolfur@heimili.is.



**Austurbrún 4 - 2ja herb**
Góð 2ja herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi með miklu útsýni til austurs, suðurs og vesturs. Góðar suður svalir, lyfta húsvörður og góð sameign. Parket og flísar á gólfum, tengi fyrir þvottavél á baðherb. **V. 29,5 m. Opið hús 24. jan.** Uppl. veitir Bogi 6993444

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fastei-gnasali
heimir@fastmark.is


**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Skólavörðustígur. Heil húseign auk viðbótarbyggingarréttar.



**Heil 150,2 fermetra húseign á 216,0 fermetra eignarlóð við Skólavörðustíg 36 í Reykjavík auk 155,0 fermetra samþykkts viðbótarbyggingarréttar á lóðinni skv. samþykktu deiliskipulagi. Eignin skiptist í verslunarhæð auk íbúðar á efri hæð og í risi hússins.**
**Skv. fyrirliggjandi samþykktu deiliskipulagi má auka byggingarmagn á lóðinni með því að hækka rishæð og setja kvisti á norðaustur og suðvesturhlið byggingarinnar. Auk þess má auka byggingarmagn á 1. hæð að suðvestur lóðarmörkum og nýta helming þaks fyrstu hæðarinnar sem þaksvalir. Auk þess er heimilt að hækka og stækka sigahús og setja svalir á suðvesturhlið hússins á 2. hæð þess.**

### Nönnustígur – Hafnarfirði.



Mjög fallegt og þó nokkuð endurnýjað 143,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á þessum eftirsótta stað í gamla bænum í Hafnarfirði. Fjögur herbergi. Samliggjandi stofur með gluggum í þrjár áttir. Eldhús er nýlega uppgert. Járn á húsi og þaki er nýlegt og var málað árið 2012.

**Húsið stendur á 309 fermetra leigulóð með tveimur veröndum, sér bílastæðum og matjurtagarði. Fyrir liggja samþykktar teikningar að stækkun eignarinnar með því að byggja skála við stofur.**

**Verð 59,0 millj.**

### Markarflöt 49 – Garðabæ. Glæsilegt og vel staðsett einbýlishús.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.30 – 18.00

Virkilega fallegt, vel skipulagt og bjart 199,7 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 68,3 fm. tvöföldum bílskúr á 1.092 fm. lóð við Markarflöt. Aukin lofthæð er í öllu húsinu. Stórar samliggjandi stofur með gólfsíðum gluggum að hluta. Eldhús er rúmgott og með ljósum viðarinnréttingum. Þrjú herbergi. Ný ca. 60 fm. viðarverönd með skjólveggjum var byggð sunnan og vestan við húsið árið 2017. Húsið var allt málað að utan árið 2017. **Staðsetning eignarinnar er mjög góð innarlega í lokaðri botngötu.**

**Verð 85,9 millj.**

### Hverfisgata 50. 4ra – 5 herbergja hæð í fjórbýlishúsi - útsýni.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög góð 4ra - 5 herbergja útsýnisíbúð á 4. hæð með suðursvölum við Hverfisgötu. Útsýnis nýtur út á sjóinn, að Esjunni og víðar. Nýlegt eldhús er í íbúðinni, nýlegar raflagnir og tafla, norðurhlið hússins er öll nýklædd að utan og nýtt gler og gluggar eru á þeirri hlið hússins. Íbúðinni fylgir séreignarréttur að ca. 75 fermetra þaksvölum, sem reisa má á þaki hússins. Norðurhlið hússins er öll nýendurnýjuð með nýrri klæðningu, hljóðeingangrandi gleri og nýjum opnanlegum fögum í gluggum. **Íbúðin er öll mjög opin, björt og skemmtileg og í “New York loft” stíl. Aðeins þrjár íbúðir í húsinu og ein íbúð á hverri hæð.**

**Verð 59,5 millj.**

### Reynimelur 31. 4ra herbergja íbúð á efri hæð og í risi.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 98,4 fm. íbúð á tveimur hæðum með suðursvölum auk 50% hlutdeildar í 57,3 fm. bílskúr á baklóð og sér bílastæðis á lóð.

Rúmgóð og björt stofa með gluggum í tvær áttir. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Útgengi er úr hjónaherbergi á suðursvalir. Tvö svefnherbergi.

Verið er að klára að skipta um allt gler í húsinu og verður þeim framkvæmdum lokið af hálfu seljanda. Stór afgirt lóð með fallegum gróðri.

**Verð 54,9 millj.**

### Vatnsstígur 21. Glæsileg og vel innréttuð með yfirbyggðum suðursvölum.




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 151,6 fm. útsýnisíbúð með yfirbyggðum suðursvölum á 1. hæð (2. hæð frá Skúlagötu) í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum auk tveggja sér geymslna í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu.

Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stór og björt stofa með gólfsíðum gluggum. Sjónvarpshol með útgengi á svalir. Opið eldhús með stórri eldhúseyju. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Fallegt útsýni til norðurs út á sundin, að Esjunni og víðar.

**Verð 79,9 millj.**

### Drápuhlíð – tvær íbúðir



• 4ra herbergja sérhæð ásamt bílskúr. Þó nokkuð endurnýjuð 160,8 fm. sérhæð að meðt. 52,8 fm. bílskúr við Drápuhlíð. Húsið er afar fallegt og búið er að endurnýja umtalsvert á undanförnum árum. Meðal annars hefur húsið verið endursteinað. Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Möguleiki er að nýta aðra stofuna sem svefnherbergi.

**Verð 59,9 millj.**

• 3ja herbergja íbúð í kjallara með sérinngangi. Góð 69,7 fm. íbúð í kjallara með sérinngangi. Stofa með glugga til suðurs. Tvö svefnherbergi með gluggum til suðurs og vesturs . Eldhús með máluðri viðarinnréttingu.

**Verð 33,5 millj.**

### Kirkjusandur. Glæsileg útsýnisíbúð á efstu hæð.



Virkilega glæsileg 209,8 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð við Kirkjusand að meðtöldum tveimur sér geymslum í kjallara og auk tveggja sér bílastæða í bílageymslu.

Tvennar svalir eru á íbúðinni, til norðurs og suðurs, og nýtur óviðjafnanlegs útsýnis frá eigninni yfir Sundin, að Esjunni, Akranesi og yfir borgina.

Eignin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt með ljósum sérsmíðuðum viðarinnréttingum. Aukin lofthæð er í íbúðinni, innfelld lýsing í loftum og arinn er í stofu. Húsvörður.

**Verð 115,0 millj.**

### Grettisgata. Heil húseign með 10 íbúðum.



Heil húseign með 10 íbúðum í hjarta miðborgarinnar. Eignin er mikið uppgerð og endurnýjuð og í góðu ásigkomulagi. Átta stúdíóíbúðir og tvær 2ja herbergja íbúðir. Húsið er allt nýlega klætt að utan með bárujárni. Þakrennur og niðurföll eru nýleg sem og stærstur hluti glers og glugga. Raflagnir, töflur og ofnalagnir hafa verið endurnýjaðar að stórum hluta. Brunastigar eru utan á húsinu og flóttaleiðir úr íbúðum. Gervihnattadiskur er á húsinu og sjónvarpskerfi í húsinu er tengt því. Flatskjáir eru í öllum íbúðum. Myndavélakerfi er utan á húsinu. **Eignin selst með húsgögnum og tækjum og er því tilbúin til útleigu. Virkilega falleg og vönduð eign miklum tekjumöguleikum í langtímaleigu, t.d. fyrir námsmenn. Ekki er leyfi á eigninni til skammtímaleigu.**

### Hátún.



151,3 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum auk u.þ.b. 18 fermetra óskráðrar sólstofu á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík.

Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. Aðalíbúðin er með stórum samliggjandi stofum og tveimur herbergjum. Minni íbúðin er 2ja herbergja.

Búið er að skipta út flestum gluggum og ofnum í húsinu. Nýleg rafmagnstafla er í húsinu.

Garður er með hellulögn, tyrfður og miklum gróðri.

**Verð 62,0 millj.**

# Mýrargata 31

## Nýbygging nærri miðborginni - Atvinnuhúsnæði á götuhæð - Tvær glæsilegar íbúðir á efri hæðum

**Um er að ræða tvær glæsilegar íbúðir á tveimur hæðum, 2. og 3. hæð fjögur parhús á þremur hæðum með möguleika á sér íbúðum á jarðhæð.**

### Atvinnuhúsnæði / veitingastaður

203,5 fermetra atvinnuhúsnæði , sem er fullinnréttað sem veitingahús á afar vandaðan og smekklegan máta.
Í gildi er nýr 10 ára leigusamningur um eignarhlutann og eru leigutekjur kr. 1,5 milljónir pr. mánuð auk vsk.
Eignin selst með leigusamningi. Tilboð óskast.
Um er að ræða góðan fjárfestingarkost á frábærum stað í miðbænum

### 118,1 fermetra íbúð á tveimur hæðum – tvennar svalir til suðurs.

Glæsileg íbúð með verulega aukinni lofthæð, stórum gluggum og rúmgóðum stofum.
Gert er ráð fyrir tveimur baðherbergjum í íbúðinni. Tvennar suðursvalir eru á eigninni.
Eignin er til afhendingar nú þegar og skilast tilbúin undir innréttingar. Gólfhitakerfi er í íbúðinni.
Verð 59,0 millj.

### 257,5 fermetra íbúð á tveimur hæðum – tvennar svalir til suðurs.

Glæsileg 257,5 fermetra íbúð með verulega aukinni lofthæð, stórum gluggum og stórum stofum. Gert er ráð fyrir fjórum baðherbergjum í íbúðinni.
Tvennar suðursvalir eru á eigninni. Eignin er til afhendingar nú þegar og skilast tilbúin undir innréttingar. Gólfhitakerfi er í íbúðinni.
Verð 124,9 millj.

Eignin er byggð á afar vandaðan máta með aukinni einangrun og aukinni hljóðeinangrun
á milli rýma auk þrefalds gasfyllts extra einangrandi þrefalds glers.Húsið að utan er klætt með bárustáli

Um er að ræða vandaða nýbyggingu á eftirsóttum stað nærri miðborginni.



# Bláskógabyggð

## „Tækifæri fyrir ferðaþjónustu“

**Einiholtsás - Bláskógabyggð – 25,6 hektara land**

**Kistutjarnir – Bláskógabyggð – 34,0 hektara land**

**Skv. fyrirliggjandi samþykktu deiliskipulagi svæðisins má byggja samtals um 8.000 fermetra á jörðunum tveimur**
**Samliggjandi jarðir í eigu sama aðila og geta löndin tvö því selst í einu lagi.**

- Löndin eru á frábærum stað við þekktar ferðamannaperlur, s.s. Gullfoss og Geysi.
  Löndin liggja vel við umferð og er í um 6,5 km fjarlægð frá Geysi.
  Hér er um að ræða frábært tækifæri fyrir aðila í ferðaþjónustu
  til uppbyggingar á gistiþjónustu og veitingarekstri.
  Landið er sérstaklega deiliskipulagt með ferðaþjónustu í huga.

- Vegagerð er lokið að og inn á byggingarreiti á jörðinni.

- Skv. fyrirliggjandi samþykktu deiliskipulagi svæðisins má byggja
  allt að 700,0 fermetra íbúðarhúsnæði og allt að 2.000 fermetra skemmu.
  Mögulegt væri að sameina þessa tvo byggingarreiti og byggja hótel á jörðinni.
  Slíkt er þó háð samþykki skipulagsyfirvalda á svæðinu,
  en vel hefur verið tekið í þá hugmynd af þeim.

- Kaldavatnslindir eru á svæðinu. Skýrsla hefur verið unnin varðandi heitt vatn
  og hægt er að bora eftir heitu vatni á jörðunum skv. henni.
  Raflagnir eru komnar að svæðinu sem og ljósleiðari.

- Engin gatnagerðargjöld eru innheimt á svæðinu.



Allar nánari upplýsingar um eignina veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, í síma 570-4500 eða í netfanginu gtj@fastmark.is

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
*LÖGGILTUR FASTEIGNASALI*


ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508


EINAR S. VALDIMARSSON
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314


KAREN ÓSK SAMPSTED
Sölufulltrúi / nemi til lögg. fasteignasala
GSM 869 9967


ÞÓRUNN LILJA VILBERGSDÓTTIR
lögfræðingur / nemi til lögg. fasteignasala
Sími 535 1002


KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
Sími: 535 1003
Gsm: 824 4031

## HAGAMELUR 33, 107 REYKJAVÍK — 79.9M




**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

OPIÐ HÚS mánudaginn 22. jan. frá kl. 17:00-17:30. Falleg efri sérhæð, fjögurra herbergja 147,2 fm. ásamt 36,7 fm. innréttuðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi, stórt nýtt eldhús, nýlegt bað.

## MIÐTÚN, 108 RVK - HÆÐ OG RIS — 49.9M




**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

OPIÐ HÚS mánudaginn 22. jan. frá kl. 17:30-18:00. Vorum að fá í einkasölu rúmgóða hæð og ris 132 fm í þessu gróna hverfi. 3-4 herbergi, tvær stofur, Stórar suðursvalir. Sérinngangur.

## SAFAMÝRI, 108 REYKJAVÍK — 73.9M




**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

OPIÐ HÚS mánudaginn 22. jan. frá kl. 18:15-18:45. Falleg og mikið endurnýjuð sérhæð. Hæðin er 143 fm og bílskúr 29 fm samtals 172 fm. Þrjú herbergi. Endurnýjað bað , eldhús og gólfefni. Allt sér.

## ÁLFHOLT 56C, 220 HAFNARFIRÐI — 39.9M



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

Rúmgóð 99,2 fm., 4 herbergja íbúð á 3 hæð. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús. stóra stofu og geymslu/þvottahús. Íbuðin er mikið endurnýjuð. Eignin er laus við kaupsamning.

## ÓÐINSGATA 28, 101 REYKJAVÍK — 31.9M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 23. jan. kl. 17:00-17:30. Fallegt lítið tvíbýli með sérinngangi, á frábærum stað í miðbænum. Sérgeymsla og þvottahúsi á neðri hæð hússins.

## BRÚARFLÖT 3, 210 GARÐABÆ — 87.5M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 23. jan. kl. 18:00-18:30. Glæsilegt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr, sem teiknað er að Kjartani Sveinssyni. Eignin er samtals 206,7 fm. Húsið er 155,5 fm og bílskúrinn er 51,2 fm

## BÆJARLIND 9, 201 KÓPAVOGI — 49.9M




**JÓHANNA 662 1166/KRISTÍN 824 4031**

OPIÐ HÚS alla virka daga frá kl. 12:30-13:00. Vönduð og falleg 104,7 fm 2ja herbergja íbúð á 1.hæð með 46,1 fm palli til s-vesturs. Afhending mars 2018. Íbúð 0102 er rúmgóð, björt og falleg.

## BÆJARLIND 9, 201 KÓPAVOGI — 60.9M




**JÓHANNA 662 1166/KRISTÍN 824 4031**

OPIÐ HÚS alla virka daga frá kl. 12:30-13:00. Vönduð og falleg 129,3 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð með tvennum svölum, suður svalir úr stofu 10,5 fm og vestur svalir úr svefnherbergi 12,1 fm .Íbúð 0202 er rúmgóð og björt.

## VÍÐIGRUND 15, 200 KÓPAVOGUR — 84M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 22. jan. kl. 17:00-17:30. Vandað og fallegt einbýli á einni hæð með stórum palli og grónum garði. Húsið er með 5 svefnherbergjum, stofu, sólstofu, eldhúsi, baðherbergi, þvottahúsi.

## SNORRABRAUT 35, 105 RVK — 49.9M



**KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR / 824 4031**

Falleg og mikið endurnýjuð þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð við Snorrabraut 35 ásamt 11,2fm aukaherbergi (skráð sem geymsla) í kjallara með aðgangi að snyrtingu. Herbergið er hentugt til útleigu.

## VATNSSTÍGUR 22, 101 RVK - LAUS STRAX




**EINAR S. VALDIMARSSON / 840 0314**

OPIÐ HÚS mánudaginn 22. jan. kl. 17:30-18:00. Glæsileg íbúð á fimmtu hæð í nýju glæsilegu fjölbýlishúsi 8 (nýjasti turninn). Vönduð eign, stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni og eru einungis tvær íbúðir á hæðinni.

## NORÐLINGABRAUT — TIL LEIGU



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

Erum með til leigu tvö mjög góð atvinnurými, til afhendingar strax. Hentar vel undir ýmiskonar atvinnustarfsemi, heildverslun, lager, þjónustu, smáverkstæði, starfsstöð iðnaðarmanns, dótakassa og þess háttar.

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

## FASTEIGNABLAÐ



GRENSÁSVEGUR 11
588 9090

eignamidlun.is
Eignamidlun.is
eignamidlun@eignamidlun.is
Grensásvegur 11, 108 Reykjavík
588 9090

**Sverrir Kristinsson** Löggiltur fasteignasali

**Kjartan Hallgeirsson** Löggiltur fasteignasali Sími 824 9093

**Guðmundur Sigurjónsson** Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali

**Guðlaugur I. Guðlaugsson** Löggiltur fasteignasali Sími 864 5464

**Þórarinn M. Friðgeirsson** Löggiltur fasteignasali, sölustjóri Sími 899 1882

**Magnea S. Sverrisdóttir** MBA, löggiltur fasteignasali Sími 861 8511

**Hilmar Þór Hafsteinsson** Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari Sími 824 9098

**Brynjar Þ. Sumarliðason** BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali Sími 896 1168

**G. Andri Guðlaugsson** Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali Sími 662 2705

**Gunnar Jóhann Gunnarsson** Hdl., löggiltur fasteignasali Sími 695 2525

**Daði Hafþórsson** Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 824 9096

**Hreiðar Levy Guðmundsson** Nemi til löggildingar fasteignasala Sími 661 6021

**Jenný Sandra Gunnarsdóttir** Skrifstofustjóri

**Elín Þorleifsdóttir** Ritari

**Ásdís H. Júlíusdóttir** Ritari

**María Waltersdóttir** Móttökuritari

## SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# GLÆSILEGAR SÉRHÆÐIR Í FOSSVOGI



**OPIÐ HÚS**
Þriðjudag til föstudags (23. - 26. janúar) milli kl. 12.15 - 12.45









## Lautarvegur 16

Vorum að fá í sölu þrjár fulllbúnar sérhæðir án gólfefna í litlu fjölbýlishúsi við Lautarveg í Fossvogi. Sér inngangur. Allar íbúðirnar eru með tveimur baðherbergjum með hita í gólfi, tvennum svölum eða sérafnotareitum.

Um er að ræða 3ja –5 herbergja íbúðir.
Stærð frá 108,9 fm – 229,9 fm.
Tvær íbúðanna eru með bílskúr.
Allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Brúnás, innfeld lýsing og eldhústæki frá Miele.
**Verð frá 76.500.000 kr.**
Afhending er við kaupsamning.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Daði Hafþórsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**G. Andri Guðlaugsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
andri@eignamidlun.is
Sími 662 2705

## BJARTAHLÍÐ 13 – 270 MOSFELLSBÆR
**106,3 $m^2$ – 43,5 MILLJ.**






